

Ályktun um heimavist við Fjölbrautarskóla Suðurlands

Eftirtalin sveitarfélög sem eru eigendur að Fjölbrautarskóla Suðurlands (FSu) krefjast þess að starfrækt verði heimavist við skólann. Sveitarfélögin skora á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér í málinu og skora jafnframt á skólanefnd og stjórnendur skólans til að vinna að uppbyggingu heimavistar.

Greinargerð:

Frá og með árinu 2016 var starfsemi heimavistar við Fjölbrautarskóla Suðurlands hætt. Ungmenni af stóru svæði sem þessi sveitarfélög spanna eiga þess ekki kost að nýta sér almenningsamgöngur til að sækja nám og því er um alvarlegan forsendubrest samstarfs um skólann að ræða. Til þess að ungmenni þessa svæðis njóti jafnréttis til náms er mikilvægt að unnið verði hröðum höndum við að koma upp heimavist við skólann.

F.h. Ásahrepps

F.h. Bláskógabyggðar

F.h. Flóahrepps

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

F.h. Hrunamannahrepps

F.h. Hveragerðisbæs

F.h. Mýrdalshrepps

F.h. Rangárþings ytra

F.h. Rangárþings eystra

F.h. Skaftárhrepps

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

F.h. Sveitarfélagsins Ölfuss

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar
